

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 78/1990. **Höfðahreppur**

(Óskar Magnússon hdl.)

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**Kaupfélagi Húnavetninga**

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Ábyrgð. Sveitarstjórnarlög. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febrúar sama ár. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi var varakrafa stefnda (stefnanda í héraði) tekin til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða hina umstefndu skuld á grundvelli einfaldrar ábyrgðar, þar eð sjálfskuldarábyrgð hans á skuldinni væri óheimil að lögum. Málinu var ekki gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Kemur varakrafa hans í héraði því ein til álita fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 getur sveitarstjórn „veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar“.

Þessum áskilnaði um tryggingar var ekki fullnægt í umræddu tilviki. Voru því ekki lagaskilyrði til þess, að sveitarsjóður Höfðahrepps tækist á hendur einfalda ábyrgð á skuld Mánavarar hf. við stefnda. Af því leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að eigi voru efni til þess, að héraðsdómari fjallaði

efnislega um þrautavarakröfur stefnanda, eftir að hann hafði tekið varakröfu hans til greina.

Eftir að málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi í héraði, dróst dómsuppsaga hátt í sex vikur. Í héraðsdómi er engin skýring gefin á þessum drætti. Ber að átélja hann.

### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Höfðahreppur, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kaupfélags Húnvetninga, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### S é r a t k v æ ð i

#### **Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.**

Ég er samþykk því, sem segir í atkvæði meiri hluta dómara um það, að eingöngu varakrafa stefnanda í héraði (stefnda hér fyrir dómi) komi til álita fyrir Hæstarétti. Þá er ég einnig samþykk athugasemdum meiri hluta dómara um héraðsdóminn og drátt á uppkvaðningu hans.

Eins og lýst er í héraðsdómi, samþykkti hreppsnefnd Höfðahrepps einróma á fundi sínum 8. maí 1987 að veita Mánavör hf. hreppsábyrgð fyrir skuldabréfi, að fjárhæð allt að 600.000 krónum. Sveitarstjóri hreppsins undirritaði síðan skuldabréf, að fjárhæð 700.000 krónur, sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Var því lýst yfir af hálfu aðila við málflutning hér fyrir dómi, að ekki væri ágreiningur um fjárhæð þá, sem samþykkt hreppsnefndar náði til. Stefndi tók skuldabréf þetta sem greiðslu viðskiptaskuldar Mánavarar hf. Var stefndi í góðri trú um ábyrgð hreppsins, enda var það skilyrði sett af hálfu stefnda fyrir töku skuldabréfsins, að um slíka ábyrgð væri að ræða. Samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er sveitarstjórn heimilt að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar. Ég fellst á það, sem segir í héraðsdómi, að sveitarstjórn hafi nokkurt svigrúm til að meta gildi og form slíkra trygginga, og er samþykk þeirri niðurstöðu hans, eins og öllum atvikum var háttað, að hreppsnefnd hafi verið bundin við ábyrgðaryfirlýsingu sína.

Ég tel því samkvæmt framansögðu, að staðfesta beri héraðsdóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

### Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 14. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. september sl., hefur Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi, kt. 680169-6329, höfðað fyrir dóminum 29. maí 1989 með ódagsettri stefnu á hendur oddvita Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, Adolf J. Berndsen, Bankastræti 9, Skagaströnd, kt. 281234-3229, fyrir hönd sveitarsjóðs Höfðahrepps og Höfðahrepps, kt. 651669-6039, og til vara á hendur Guðmundi Sigvaldasyni, Bogabraut 9, Skagaströnd, kt. 140454-4869, sveitarstjóra Höfðahrepps, persónulega, og gerir eftirtalдар dómkröfur:

Aðalkrafa stefnanda er sú, að sveitarsjóður Höfðahrepps verði dæmdur til að greiða stefnanda 734.687,75 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara er gerð sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, og Höfðahreppur beri einfalda ábyrgð á skuld Mánavarar hf., Skagaströnd, nnr. 8936-6666, við stefnanda í máli þessu, Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi, skv. skuldabréfi, sem gefið er út 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda, nr. 1001, að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrst 1. ágúst 1987, sem bundið er lánskjaravísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti eins og Búnaðarbanki Íslands ákveður á hverjum tíma, árituðu um sjálfskuldarábyrgð sveitarsjóðs Höfðahrepps, að eftirstöðvum 734.687,75 kr. 1. ágúst 1987, en ákvörðun um hreppsábyrgð Höfðahrepps á skuld þessari skv. téðu skuldabréfi var tekin á hreppsnefndarfundi Höfðahrepps 8. maí 1987.

Til þrautavara er gerð sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að Höfðahreppur, Austur-Húnavatnssýslu, beri húsbóndaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir með því að treysta því, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, bæri ábyrgð á láni stefnanda til Mánavarar hf., Skagaströnd, skv. skuldabréfi, útg. 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda í máli þessu, nr. 1001, að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á lánskjaravísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti eins og Búnaðarbanki Íslands ákveður hverju sinni, árituðu um sjálfskuldarábyrgð sveitarsjóðs Höfðahrepps, að eftirstöðvum 734.687,75 kr. 1. ágúst 1987.

Til þrautþrautavara er gerð sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að varastefndi, Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Höfðahrepps, beri persónulega skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi þessa máls varð fyrir með því að treysta því, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, bæri sjálfskuldarábyrgð á láni stefnanda til Mánavarar hf., Skagaströnd, skv. skuldabréfi, út gefnu 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda, nr. 1001, að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrst 1. ágúst 1987, bundnu lánskjaravísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti eins og Búnaðarbanki Íslands ákveður hverju sinni,

árituðu um sjálfskuldarábyrgð sveitarsjóðs Höfðahrepps, að eftirstöðvum 734.687,75 kr. 1. ágúst 1987.

Ef niðurstaða þessa máls verður sú, að ein af þeim viðurkenningarkröfum stefnanda, sem fram koma í dómkröfum, verður til greina tekin, er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda 734.687,75 kr. með þeim vaxtafæti, sem tilgreindur er, að fráðregnum 29.166,60 kr., 7. des. 1987 og að þeir vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól, sem vextir reiknist síðan af.

Í öllum ofangreindum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri sá málskostnaður dráttarvexti frá þingfestingu málsins.

Með framlagningu dómskjals nr. 14 leiðrétti stefnandi stefnukröfur sínar þannig: „að sveitarsjóður Höfðahrepps greiði stefnanda 728.098,26 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Dómkröfur aðalstefnda eru, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til þess, að greiða ber söluskatt á þóknun fyrir lögfræðipjónustu.

Einnig er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur varastefnda eru þær, að varastefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að stefnandi verði dæmdur til að greiða varastefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til þess, að skylt er að greiða söluskatt á þóknun fyrir lögfræðipjónustu.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Austur-Húnavatnssýslu 29. maí 1989, þar sem lögð voru fram af hálfu stefnanda skjöl nr. 1-11, en af hálfu sjálfs sín og stefnda sótti varastefndi þing og lagði fram skjöl nr. 12-13. Málinu var þá frestað til málflutnings.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi, hreppsnefnd Höfðahrepps, hafi 8. maí 1987 samþykkt á hreppsnefndarfundum með öllum greiddum atkvæðum að veita Skipasmíðastöðinni Mánavör hf., Skagaströnd, hreppsábyrgð fyrir skuldabréf, að fjárhæð 600.000 kr., skv. skriflegri beiðni skipasmíðastöðvarinnar, dags. 8. maí 1987. Hinn 30. júní 1987 gefur Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri Mánavarar hf., síðan út skuldabréf f. h. Mánavarar hf., að nafnverði 700.000 kr., til greiðslu með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrstu afborgun 1. ágúst 1987, bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölunni 1687 stigum, berandi ársvexti samkvæmt ákvörðun Búnaðarbanka Íslands. Svohljóðandi ábyrgð er rituð á skuldabréfið: „Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og dráttar-

vaxta og vísitöluálags af bréfi þessu svo og öllum kostnaði, sem af van-skilum kann að leiða, takast eftirtaldir aðilar á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni þessu: sveitarsjóður Höfðahrepps, nmr. 4452-2403.“ Ábyrgð þessi er undirrituð af Guðmundi Sigvaldasyni, sveitarstjóra Höfðahrepps.

Stefnandi lánaði síðan Mánavör hf. þá fjárhæð, er í skuldabréfinu greinir. Hinn 7.12. 1987 voru greiddar 29.166,60 kr. inn á kröfu stefnanda samkvæmt skuldabréfinu. Hinn 10. nóvember 1988 tilkynnir aðalstefndi stefnanda bréflega, að aðalstefndi telji sig ekki bundinn af sjálfskuldarábyrgðinni á nefndu skuldabréfi. Bæði aðalstefndi og varastefndi vísa til dskj. nr. 1 um málavexti.

— — —

### *Niðurstaða.*

Af hálfu stefndu hefur ekki komið fram, að vísa beri máli þessu frá dómi í heild sinni eða einstökum kröfum.

Í stefnu segir, að aðalkrafa stefnanda sé reist á skuldabréfinu einu sér, og sé málið rekið skv. XVII. kafla 1. nr. 85, 1936, varðandi þá kröfu. Ekki varðar það frávísun, þó að aðrar kröfur séu hafðar uppi í málinu, þar sem XVII. kafli 1. nr. 85, 1936, á ekki við, þar eð kröfur í máli þessu eru af sömu rót runnar. Samkvæmt 3. mgr. 207. gr. 1. nr. 85, 1936, má reka mál til greiðslu skuldar skv. skuldabréfi skv. XVII. kafla 1. nr. 85, 1936. Verður að telja, að í XVII. kafla 1. nr. 85, 1936, séu sérreglur, sem leyfi afbrigðilega meðferð tiltekinna mála og séu til hagræðingar og hagkvæmni varðandi slík mál, en eigi ekki að girða fyrir það, að hafa megir uppi í sama dómsmáli kröfur, er lúta almennri meðferð einkamála, enda hafi aðilar forræði sakar. Auk þess gilda 1. nr. 85, 1936, að öðru leyti um mál skv. XVII. kafla laganna, sbr. 210. gr. s. 1. Verður því að telja stefnanda heimilt að hafa þennan hátt á málalíbúnaði sínum. Í stefnu er oddvita Höfðahrepps stefnt fyrir hönd sveitarsjóðs Höfðahrepps og Höfðahrepps. Samkvæmt 1. gr. 1. nr. 8, 1986, eru sveitarfélög lögaðilar. Sveitarsjóður Höfðahrepps er eign Höfðahrepps, og hefur hreppurinn forræði um sveitarsjóð sinn. Það var því ekki þörf á því að stefna oddvita Höfðahrepps fyrir hönd sveitarsjóðs Höfðahrepps samhliða Höfðahreppi. Þar sem engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar á hendur sveitarsjóði Höfðahrepps í máli þessu, verður ekki tekin frekari afstaða til þessa atriðis í dómnum.

Við munnlegan málflutning skýrði stefnandi kröfu sína þannig, að henni væri beint gegn Höfðahreppi. Stefnandi heldur því fram, að Höfðahreppur beri sjálfskuldarábyrgð á kröfu stefnanda vegna skuldar Mánavarar hf. við stefnanda. Stefnandi hafi því sjálfstæða kröfu á hendur Höfðahreppi samkvæmt áritun á dskj. nr. 3 um sjálfskuldarábyrgð, þar sem krafan sé fallin í gjalddaga.

Það er viðurkennd skilgreining á hugtakinu „krafa“, að það sé lögvarin heimild kröfuhafa á hendur skuldara, að hann inni af hendi skuldbindingu sína. Í 4. mgr. 89. gr. laga nr. 8, 1986, segir: „Eigi má binda sveitarsjóð við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins.“ Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 8, 1986, kemur fram, að óheimilt eigi að vera að veita slíka sjálfskuldarábyrgð í því skyni að takmarka fjárhagslega umfangsmiklar ráðstafanir sveitarfélaga gegn einka-fyrirtækjum. Ákvæði þetta er fortakslaust. Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið stefnanda, að Mánavör hf. teljist til stofnana sveitarfélags í skilningi l. nr. 8, 1986, þar eð stofnanir sveitarfélags eru stofnanir, sem starfræktar eru af sveitarfélagi til að inna af hendi lögbundin verkefni sveitarfélaga. Aðrar málsástæður stefnanda koma eigi til álitavardandi kröfu þessa. Samkvæmt framansögðu telst aðalkrafa stefnanda eigi lögvarin, og verður stefndi sveitarsjóður Höfðahrepps og Höfðahreppur því sýknaður af kröfu stefnanda. Aðrar málsástæður stefnanda leiði eigi til annarrar niðurstöðu.

Með varakröfu sinni krefst stefnandi viðurkenningar á einfaldri ábyrgð stefnda auk greiðslu stefnufjárhæðar. Í 5. mgr. 89. gr. l. nr. 8, 1986, segir: „Sveitarstjórn getur veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar.“

Ómótmælt er, að á fundi hreppsnefndar Höfðahrepps 8. maí 1987 samþykkti öll hreppsnefndin með fimm atkvæðum að veita Mánavör hf. hreppsábyrgð fyrir skuldabréfi, að upphæð allt að 600.000 kr. Fram hefur komið hjá aðilum, að sveitarstjóri Höfðahrepps hafði venjulega séð um framkvæmd og afgreiðslu hreppsábyrgða, sem Höfðahreppur gekk í, fyrir og á þeim tíma, sem mál þetta snýst um. Ómótmælt er því, að 8. maí 1987 hafi það verið vilji stefnda að gangast undir hreppsábyrgð á skuld Mánavara hf. skv. skuldabréfi, að fjárhæð allt að 600.000 kr. Í framhaldi af því undirritar sveitarstjóri dskj. nr. 3, ábyrgðaryfirlýsingu f. h. Höfðahrepps. Stefndi mótmælti því í greinargerð, að bókun hreppsnefndar á hreppsnefndarfundi 8. maí 1987 megi jafna til ábyrgðaryfirlýsingar stefnda á þessari tilteknu skuld Mánavara hf. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að bókun hreppsnefndar eigi við aðra eða aðrar skuldir Mánavara hf. Verður því að hafna mótmælum stefnda um þetta atriði. Stefndi mótmælir því, að það, að Mánavör hf. beri fyrst og fremst ábyrgð á skuldinni, sé ekki á neinn hátt unnt að meta sem tryggingu í skilningi 5. mgr. 89. gr. Jafnframt mótmælir stefndi því, að fjárhæðir krafna haggi niðurstöðunni. Stefndi hefur fært rök að því, að nægar tryggingar séu fyrir hreppsfélagið, vegna þess að Mánavör hf. starfi áfram í bæjarfélaginu.

Í greinargerð með lagafrumvarpi, er síðar var samþykkt sem lög nr. 8, 1986, kemur fram, að ákvæði 89. gr. laganna séu nýmæli, sem styðjist við

fyrirmyndir í löggjöf annarra Norðurlandabjóða. Tilefni þessara nýmæla var það, að í tíð eldri sveitarstjórnarlaga bar oft við, að töluverð ásókn væri á sveitarstjórnir um að veita ábyrgðir til kaupa á fiskiskipum og til annarra fjárfestinga í atvinnurekstri á vegum einkafyrirtækja. Var tilgangur nýmæla 4. og 5. mgr. 89. gr. 1. nr. 8, 1986, sá, að þar sem sveitarstjórnir væru oft berskjaldaðar fyrir slíkri ásókn, gæti, ef illa færi, ábyrgð af þessu tagi lagt þungar byrðar á sveitarfélögin og íbúa þeirra um langan tíma og torveldað framkvæmd meginverkefna sveitarfélaganna. Taldi nefndin, sem vann að undirbúningi lagafrumvarpsins, að takmarka bæri heimildir í þessu efni.

Samkvæmt þessu var tilgangur með setningu 4. og 5. mgr. 89. gr. 1. nr. 8, 1986, sá í fyrsta lagi að koma í veg fyrir eða takmarka, að slíkar ábyrgðir legðu þungar byrðar á sveitarfélögin og íbúa þeirra, og í öðru lagi, að slíkar byrðar yrðu ekki til langs tíma og gætu þannig torveldað framkvæmd meginverkefna sveitarfélaganna. Í 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8, 1986, eru verkefni sveitarfélaga m. a. talin vera atvinnumál, þar á meðal atvinnuleysis-skráning, vinnumiðlun og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort. Ómótmælt er, að starfandi hjá Mánavör hf. voru að jafnaði 10%-12% vinnufærra manna á Skagaströnd, og hafði Höfðahreppur verið annar aðalhluthafa fyrirtækisins frá árinu 1983 með fulltrúa í stjórn þess.

Með hliðsjón af tilefni og tilgangi laga nr. 8, 1986, verður að líta svo á, að við veitingu einfaldrar ábyrgðar skv. 5. mgr. 89. gr. þeirra laga hafi sveitarstjórn nokkurt svigrúm til að meta gildi trygginga skv. þeirri grein og einnig, í hvaða formi slík trygging sé, svo framarlega sem ekki séu lagðar langvarandi þungar byrðar á sveitarfélagið og íbúa þess. En það myndi væntanlega sér í lagi vera talið brjóta gegn þessari reglu, ef um ábyrgðir vegna verulegra fjárfestinga og fjárfestinga í áhætturekstri einkafyrirtækja væri að ræða og engar tryggingar væru fengnar.

Ákvæði 5. mgr. 89. gr. 1. nr. 8, 1986, eru undantekningarákvæði frá meginreglu íslensks réttar um samningafrelsi, sem felur í sér frelsi manna til að gera samninga sín á milli og ákveða efni slíkra samninga. Verður með hliðsjón af framangreindu og með hliðsjón af annarri meginreglu íslensks réttar, þeirri, að samninga skuli efna, að túlka efni fyrrgreindrar lagareglu þröngt. Telja verður, að tilgangur löggjafans með setningu nefnds ákvæðis hafi ekki verið að takmarka heimild sveitarfélags til þess að ganga í einfalda ábyrgð vegna fjárskuldbindinga fyrirtækja, sem sveitarfélagið er verulegur hluthafi í og á fulltrúa í stjórn og skiptir verulegu máli fyrir atvinnulíf á viðkomandi stað, sé ekki um að ræða fjárskuldbindingu, sem sé þung byrði á sveitarfélaginu og íbúum þess um langan tíma, svo að slík ábyrgð torveldi framkvæmd meginverkefna sveitarfélagsins. Verður að telja, að umrædd ábyrgðarskuldbinding Höfðahrepps vegna skuldar Mána-

varar hf. hafi ekki verið þess eðlis, að hún væri til þess fallin, að hún torveldaði framkvæmd meginverkefna sveitarfélagsins, þ. á m. atvinnumál Höfðahrepps. Þegar framangreint er virt og að upplýst er, að stefndi hafði um árábil veitt slíkar ábyrgðir, og með tilliti til þess, að ekki hafi verið um verulega fjárfestingu til langs tíma að ræða í máli því, sem hér er til umfjöllunar, verður að líta svo á, að stefndi sé skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu þeirri, sem getur í dskj. nr. 3, skv. varakröfu stefnanda um einfalda ábyrgð, en að öðru leyti með skilmálum þeim, sem getur í dskj. nr. 3, þar á meðal um greiðslu vaxta og verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu. Ljóst er af gögnum málsins, að greiðslufall varð hjá aðalskuldara 1. ágúst 1987 og síðan greiðsluþrot í febrúar 1989, eins og sýnt er með kröfulýsingu stefnanda í þrotabú Mánavarar hf.

Telja verður, að samkvæmt 4.-5. mgr. 71. gr. laga nr. 8, 1986, hafi sveitarstjóra verið heimilt að undirrita ábyrgðaryfirlýsingu, þar sem hann skuldbindur Höfðahrepp, hafi samþykki sveitarstjórnar á gerningi legið fyrir. Verður að telja viljayfirlýsinguna sem slíka bindandi fyrir stefnda án tillits til þess, hvort um eiginlegan þriðjamannslöggerning hafi verið að ræða eða ekki við ákvörðun hreppsnefndar Höfðahrepps um ábyrgð vegna skuldar Mánavarar hf.

Er því rétt að dæma stefnda til greiðslu nefndrar ábyrgðarskuldar, en þar sem innheimtuaðgerðir hófust ekki gegn aðalskuldara fyrr en 13. 3. 1989, reiknast dráttarvextir frá þeim degi af 728.098,26 kr. samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, til greiðsludags, og skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af sameiginlegri fjárhæð á tólf mánaða fresti skv. 12. gr. 1. nr. 25, 1987, allt að frádregnum 41.086 kr.

Samkvæmt þessari niðurstöðu dæmist stefndi, Höfðahreppur, til að greiða málskostnað, sem ákveðst 185.654 kr. Vextir reiknast ekki á málskostnað, og er stefndi sýknaður af þeirri kröfu skv. 175. gr., 3. mgr., 1. nr. 85, 1936. Ekki er krafist dóms um sérstakan söluskatt.

#### *Um þrautavarakröfu.*

Telja verður, að samband hreppsnefndar og Höfðahrepps hafi ekki verið þess eðlis í máli þessu, að reglur skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð stefnda á verkum hreppsnefndar komi til virðingar. Ekki hefur verið sýnt fram á, að um skaðabótaskyld tjón vegna saknæmrar og ólögsmætrar hegðunar hreppsnefndar sé að ræða. Stefndi verður því sýknaður af þeirri kröfu.

#### *Um þrautaprautavarakröfu.*

Telja verður, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna athafna varastefnda. Verður því varastefndi sýknaður



af kröfum stefnanda. Dæmist stefnandi til að greiða varastefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 87.813 kr., þar af 8.107,80 kr. í sérstakan söluskatt samkvæmt III. kafla laga nr. 1, 1988.

Tildæmdur málskostnaður varastefnda ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags skv. 3. mgr. 175. gr. l. 85, 1936.

Sverrir Friðriksson, fulltrúi sýslumanns Húnavatnssýslu, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Höfðahreppur, greiði stefnanda, Kaupfélagi Húnavetninga, 728.098,26 kr. ásamt vöxtum og verðbótum, sem í skuldabréfi, út gefnu 30. 6. 1987 af Mánavör hf. til stefnanda greinir, frá 1. 8. 1987 til 13. 3. 1989, en með 21,6% ársvöxtum frá 13. 3. 1989 til 1. 4. 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags, og skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af sameiginlegri fjárhæð á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. l. nr. 25, 1987, allt að frádregnum 41.086 kr., pr. 7. 12. 1987.

Stefndi, Höfðahreppur, greiði stefnanda 185.643 kr. í málskostnað.

Varastefndi, Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kaupfélags Húnavetninga. Stefndi, Kaupfélag Húnavetninga, greiði varastefnda 87.813 kr. í málskostnað, þar af 8.107,80 kr. í sérstakan söluskatt samkvæmt III. kafla laga nr. 1, 1988.

Tildæmdur málskostnaður varastefnda ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.